

## Verk að vinna

Eins og flestum Iðunnarfélögum er kunnugt um hefur stjórn félagsins ákveðið að vinna að gerð minnisvarða um Guðmund Bergþórsson rímnaskáld sem talið er að fæðst hafi að Stöpum á Vatnsnesi árið 1657. Undirbúningur að þessu verkefni er þegar hafinn og mun myndlistarmaðurinn Páll Guðmundsson á Húsafelli sjá um gerð verksins. Sótt var um styrk frá Þjóðhátíðarsjóði til þess að vinna þetta verk og þaðan fengust 400 þúsund krónur við úthlutun þann 1. desember síðastliðinn. Aðrir sem standa að þessu verki með Iðunni eru Kvæðamannafélag Vatnsnesinga, Kvæðamannafélagið Gefjun á Akureyri og vonandi vegagerðin á svæðinu.



## Fundir og kvæðalagaæfingar

Fundarstaður Iðunnar er Gerðuberg, hinn sami og verið hefur að undanfögnu. Kvæðalagaæfingar fara fram á neðri hæð Gerðubergs en almennir skemmtifundir á efri hæðinni í stóra salnum. Bæði fundir og æfingar hefjast klukkan 20:00 og lýkur venjulega um 22:30. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka, svo að sem flestir fái að kynnast því sem þar fer fram.

1	7. janúar, miðvikudagur 9. janúar, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) fundur (uppi)
2	4. febrúar, miðvikudagur 6. febrúar, föstudagur	kvæðalagaæfing þorrafundur
3	4. mars, miðvikudagur 6. mars, föstudagur	kvæðalagaæfing aðalfundur
4	1. apríl, miðvikudagur 3. apríl, föstudagur	kvæðalagaæfing fundur
5	6. maí, miðvikudagur 8. maí, föstudagur	kvæðalagaæfing lokafundur á vori



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

108. tölublað – 29. árgangur

Desember 2008

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

## Hugleiðing á aðventu

Þegar líður að jólum fer af stað mikið gangverk, sem upphaflega átti að snúast um hátíð ljóssins og fæðingu frelsarans, en er nú á dögum hannað af seljendum og borið uppi af fjölmiðlum, ekki síst með auglýsingum.

Flestir lenda inni í tilbúinni atburðarás sem tekur völdin. Það eru hengd upp ljós úti og inni, húsið er þrifið hátt og lágt, jólasveinar hoppa og skoppa í verslunarmiðstöðvunum og fólk verslar í jötunmód. Dagarnir eru blæbrigðaríkir, en hver með sínu bragði. Á Þorláksmessu kjamsa menn á skötu, með eða án mörflots. Á aðfangadagskvöld rennur jólalambið, jólafuglinn eða jólagrísinn ljúflega í belginn. Á jóladegi og öðrum degi jóla bæta menn á sig í heimsóknum til ættingja og vina. Svo kemur gamlárskvöld, nýársdagur, janúarútsölurnar – og svo VISA reikningurinn. Á eftir ár er þetta nokkuð viss passi. Þetta er eins og að vera laminn í hausinn. Aftur og aftur – og svo aftur. Væri ekki hægt að láta sér nægja kyrrláta stund með ættingjum og vinum án þess að standa í öllu þessu veseni? Er það ekki hægt lengur? Ef ekki, þá af hverju ekki?

Menn eiga rætur sínar í því umhverfi sem þeir alast upp í. Það fer eftir því hvaðan þeir koma hverjar leikreglurnar og siðirnir eru. Á lífsgöngunni lenda menn stundum út af þeirri braut sem mörkuð var í upphafi og taka upp nýja síði og venjur. Það er í góðu lagi á meðan menn eru sáttrir við hlutskipti sitt. Þegar hugsað er til baka færirst hlýja í hug og bros á vör þó komin sé önnur tíð með sinn sérstaka sjarma.

Að eiga gott samband við fjölskyldu sína er að vera ríkur. Að eiga vin er að eiga rætur. Að vaxa upp í leik og starfi með góðu fólki veitir hlýju og gleði og elur göfugar minningar. Það er öllum nauðsyn að rækta vel tengsl við sína

nánustu. Vináttan er ekki ókeypis, hana þarf að rækta. Sífellt þarf að bæta í eldinn svo að hann kulni ekki. Eins og skáldið sagði:

Því mundu vel og gefðu gaum að því  
að gulli betri er vináttan heiminum í.  
Og hvenær sem að haglið dynur  
hálli lífsbraut á  
Vina þinna vertu vinur  
vel þér farnast þá.

Hugsum vel um þá sem okkur eru kærir.

*Stefán Ásgeir Guðmundsson*

## Kvæðamál

Bankanna skal bjarga neyð,  
- burt með leiða skapið -  
fátæklinga fylking breið  
fljótt mun greiða tapið.

*Steindór Andersen*

Þó að taki vetur völd  
vonir mun ei buga,  
jólaföstu kyrrðin köld  
kveikir ljós í huga.

*Bjargey Arnórsdóttir*

Nóttin lengist, nálgast jól,  
nagar frostið vanga.  
Lýsir himinn lágreist sól,  
litar fell og dranga.

*Sigrún Haraldsdóttir*

Dimmur vetur, döpur þjóð  
og draugar ráfa um svið.  
Birtir samt ef lítið ljóð  
er lesið kerti við.

*Ragnar Böðvarsson*

Þjónar Drottins þramma í kjól,  
þruma úr pontu sérhver jól,  
meðan háma heims um ból  
hangikjötið íslensk fól.

*Helgi Zimsen*

Ljósadýrð um byggð og ból  
bærinn skreyttur þar og hér.  
Sumir halda heilög jól  
frá haustnóttum út desember.

*Hallfríður Benediktsdóttir*

Klukkurnar glamra og góla.  
Glötuðum lokað er skóla.  
Rásirnar raula,  
í radió baula  
linnulaust jóla og jóla.

Um jólin hans Jesú í frosti  
við jöpplum á dýrðlegum kosti  
sauðum og svínnum  
og súpum á vínnum  
uns afvelta liggjum í losti.

Nú árið til alda má skauta,  
aftur í tímann þá snauta  
aldrei að aka  
það ætlar til baka  
og brátt skal til brottfarar flauta.

*Helgi Zimsen*

Þegar sé ég fagra fönn  
fylla laut og skjólin  
jarðar stundum bíða bönn  
björt þó lýsi jólin.

*Bjarni Valtýr*

Helst af brauði að hafa vel.  
Hangikjöt að sjóða.  
Læri steik og lögg á pel.  
Laufabrauðið góða.

*Ingi Heiðmar Jónsson*

Ekki dugar eintómt skraf,  
aldrei má því gleyma  
að konan bíður kvalin af  
karlmannsleysi heima.

*Magnús J. Jóhannsson*

Sannlega er sælt að geta  
safnað mat  
og mega alla ævi éta  
á sig gat.

*Ragnar Böðvarsson*

Lykt og bragði fljótt verð feginn  
fái ég spikfeitt hangiket.  
Alltaf verð ég matarmeginn  
meðan andann dregið get.

*Jói í Stapa*

Ágirndar er klóin klók,  
kann á flestar greinar,  
en margoft hafa matað krók  
Mammóns jólasveinar.

*Jói í Stapa*

Leið mun þessi langa raun  
litlu bankasjólunum  
að þeir fá víst engin laun  
og ekkert dót á jólunum.

*Ragnar Böðvarsson (2003)*

Á jólafundinum heilsaði Sigrún  
Haraldsdóttir skeggjuðum mönnum  
með kossi, en leit ekki við hinum.

Stækkar nú mitt ólán enn,  
enda fátt til vina.  
Sigrún kyssti mottumenn  
en mynntist ei við hina.

*Sigmundur Benediktsson*